

**A 1882/presidiet**

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Forsætisnefnd forsætisnefndar um

**Þingmannatillögu  
um norrænar neyðarbirgðageymslur til nota þegar hættu steðjar að****Tillaga**

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún vinni rannsóknarskýrslu um möguleika á sameiginlegum neyðar-  
birgðageymslum af til dæmis hlífðarbúnaði, lyfjum og matvælum.***Bakgrunnur**

Norræn vinstri græn lögðu til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún vinni rannsóknarskýrslu um möguleika á sameiginlegum neyðar-  
birgðageymslum af til dæmis hlífðarbúnaði, lyfjum og matvælum.*

Þingmannatillagan var til fyrstu afgreiðslu á þemaþingi 2021.

Í tillögunni er vakin athygli á alvarlegum brestum sem kórónaveirufaraldurinn hefur afhjúpað í neyðarviðbúnaði á Norðurlöndum, að einn sá mest áberandi hafi komið í ljós snemma í faraldrinum en það var skortur á hentugum hlífðarbúnaði fyrir starfsfólk í heilbrigðisstétt. Þá var bóluefnaframleiðsla ábótavant um allan heim.

Bent er á að við aðrar hættuáðstæður gæti orðið þörf og vöntun á öðru, t.a.m. varahlutum og matvælum. Sá viðbúnaður kallar á norræna samvinnu.

Löndin hafa öðlast ýmis konar reynslu af neyðar- og afhendingarviðbúnaði en þrátt fyrir að einstaka lönd vilji t.a.m. auka matvælabirgðir innanlands þá er það kostnaðarsamt og þá gæti lausnin verið samnorrænar neyðarbirgðageymslur.

Í stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi er einnig bent á þörf fyrir áhrifamat á matvælabirgðum ef alvarlegt hættuástand skapast.



### Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefndi telur að kórónaveirufaraldurinn hafi kennt Norðurlöndum að þörf sé á auknu og nánara norrænu samstarfi um samfélagsöryggi.

Í þingmannatillögunni er minnst á hlífðarbúnað, bóluefni og matvæli en forsætisnefndin telur þörf á að kanna hvaða og hvers konar önnur svið henti fyrir norræna neyðarbirgðageymslu og í hve miklu magni. Þörfin breytist með tímanum.

Forsætisnefnd telur að norræn neyðarbirgðageymsla þar sem Norðurlöndin geti séð hvert öðru fyrir birgðum með stuttum fyrirvara sé gott dæmi um norræna nytsemi, enn fremur að þingmannatillagan tengist öðrum þingmannatillögum Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi sem bregða upp heildarmynd af áherslu Norðurlandaráðs á samfélagsöryggi um margra ára skeið og hve mikið ráðið hefur beitt sér á þessu sviði.

Norðurlöndum 7. september 2021

*Annette Lind (S)*

*Aron Emilsson (SD)*

*Bertel Haarder (V)*

*Christian Juhl (EL)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Hans Wallmark (M)*

*Jouni Ovaska (cent),*

*Linda Modig (C)*

*Martin Kolberg (A)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Wille Rydman (saml)*